

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

OKTÓBER 2016



10. tbl. 19. árg.

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opíð: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga



Fjöldmenn var á kynningarfundi borgarstjóra um nýbyggingar í Reykjavík í Ráðhúsinu á dögunum

Allt að 70% nýrra íbúða í Vestur- og Miðborginni

Allt að 70% þeirri íbúða sem búið er að gefa út byggingarleyfi í Reykjavík fyrir eru í Vesturbænum og á Miðborgarsvæðinu. Flest eru þau við Frakkastíg eða 600 og 200 eru við Hafnartorg.

Við Mýrargötu hafa verið gefin út 156 byggingarleyfi og 100 á Hljómalindarreit á milli Hverfisgötu og Laugavegar. Við Nýlendugötu hafa verið gefin út 90 byggingarleyfi og 77 við Tryggvagötu. Alls eru þetta 1365 byggingarleyfi en alls hafa verið gefin út 1.999 leyfi fyrir allt að 5.500 íbúðum sem samþykkt deiliskipulag á vegum borgarinnar nær til. Ef miðað er við þrjá íbúa að meðaltali fyrir hverja íbúð getur þetta þýtt fjölgun um allt að 4.000 íbúa á þessum svæðum á næstu þremur til fjórum árum. Þetta

kemur fram í gögnum sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynnti á fjölmennum fundi um uppbyggingu í Reykjavík á gögunum. Hann sagði metár vera fram undan í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík sem bæta úr brýnni þörf á húsnæðismarkaði. Áætlað sé að á höfuðborgarsvæðinu vanti um 5.100 íbúðir til að mæta þörf og þar af eru um 3.300 í Reykjavík. Dagur sagði að tryggja eigi þarfir allra borgarbúa. Í húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar segir að meginmarkmið sé að til verði fjölbreyttur og sveigjanlegur húsnæðismarkaður sem tryggir öllum þak yfir höfuðið á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki.

PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífæðis næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa

25% skattur

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nautakjötstilboð!

Íslenskt ungnautakjöt úr kjötborði

Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

helgina 27. - 30. október
- meðan birgðir endast



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

10. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Vesturbærinn vex

Nær alla síðustu öld og það sem liðið er af þessari hefur íbúum höfuðborgarinnar farið fjölgandi. Mikill kippur færðist í fjölgunina undir og við miðbik síðustu aldar. Á stríðsárunum og þeim árum sem stundum hafa verið kölluðu eftirstriðsár þegar fólk fluttist umvörpum úr byggðum landsins til borgarinnar í atvinnuleit. Þessir fólksflutningar kölluð eftir þörf fyrir íbúðarhúsnæði sem á engan hátt tókst að sinna. Til ýmissa ráða var gripið. Að nýta yfirgefna herskála til íbúða fyrir fjölskyldur og að byggja bráðabirgðahúsnæði út lélegu byggingarefni – kassafjöllum þegar ekki betur vildi til oftast án fullnægjandi skipulags. Húsnæði sem var bæði heilsuspillandi og á engan hátt hæft til íbúðar – hvað þá til uppeldis barna.

Þessir tímar eru að baki en íbúaþróunin heldur áfram. Fólk flytur til höfuðborgarsvæðisins og talsverð fólksfjölgun á sér einnig stað. Nú bætist við stórkostleg fjölgun ferðamanna til landsins sem þurfa á tímabundnum gistimöguleikum að halda sem kallar bæði eftir hótélrými og íbúðarrými. Þetta þýðir að nú er þörf fyrir yfir fimm þúsund nýjar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2016 til 2017 og þar af eru um þrjú þúsund í Reykjavík einni.

Vesturbærinn fer ekki varhluta af þessari þróun. Þar hefur verið unnið að þéttingu byggðar- einkum með því að taka óbyggð svæði og önnur þar sem atvinstarfermi hefur verið til íbúðabyggðar. Allt að 70% íbúða sem gefin hafa verið leyfi á þessari stundu eru í Vesturbænum – ekki síst í byggðum við ströndina en einnig á háskólasvæðinu og víðar. Allar spár benda til þess að fram undan séu metár í byggingaiðnaði og að höfuðborgarsvæðið vaxi bæði að innviðum og teygi anga sína – jafnvel langt út fyrir núverandi byggðamörg. Vaxtarmörk Vesturbæjarins eru ekki endalaus en ljóst að sú byggingahrina sem nú gengur yfir eykur fjölbreytni hins daglega lífs og er styrkur borgarhlutans.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R



Mannréttindastefna samþykkt

Borgarstjórn samþykkti einróma breytingar á mannréttindastefnu borgarinnar á fundi þann 18. október síðastliðinn. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Fjórum köflum hefur verið bætt við stefnuna: Heilsufari og líkamlegu atgervi, holdafari og líkamsgerð, umhverfi, öryggi og Reykjavíkurborg sem verkkaupi.

Óskað eftir ábendingum um þjónustu borgarinnar

Lögð hafa verið fram til kynningar og umsagnar drög að þjónustustefnu Reykjavíkurborgar en stefnan er unnin af stýrihópi sem starfar á ábyrgð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Drögin má finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/thjonustustefna. Reykjavíkurborg er þjónustuaðili sem leggur áherslu á að veita borgarbúum aðgengilega, fjölbreytta og framúrskarandi þjónustu. Stærstur hluti starfsemi Reykjavíkurborgar felst í þjónustuveitingu með einum eða öðrum hætti. Íbúar borgarinnar eru viðskiptavinir hennar og eiga rétt á að vita hvers þeir geta vænst þegar þeir sækja þjónustu eða óska eftir henni. Allt starfsfólk borgarinnar sem og svið og deildir innan hennar eiga að vera meðvitaðir um hvað felst í þjónustu Reykjavíkurborgar.

Rætt um plastpoka- lausa Reykjavík

Umræður um plastpokalaus Reykjavík fóru fram á fundi borgarstjórnar á þriðjudag að frumkvæði borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Áslaug María Friðriksdóttir fór fyrir umræðunni en hún segir ekkert bóla á þeim aðgerðum sem skrifað er um í samþykktari stefnumörkun borgarinnar þar sem gert er ráð fyrir átaki í átt að plastpokalausri Reykjavík. Segir Áslaug borgir erlendis í auknum mæli að taka upp plastpokalaus stefnu og málið sé mikilvægt. „Reykjavík ætti að beita sér mun harðar fyrir því að borgin verði eins plastpokalaus og hægt er,“ segir Áslaug. Kallað var eftir svörum um hvaða aðgerðir væru í farvatninu í þessum málum en segir Áslaug lítið hafa verið um svör.



Formleg stofnun Höfða friðarseturs

Höfði var formlega gerður að táknrænu friðarsetri Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í Höfða 7. október sl.. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands undirrituðu þar stofnsamning um friðarsetrið. Efnt var til sérstaks opunarþings í Hátíðasal Háskóla Íslands í tilefni viðburðarins.



Vantar 5.100 íbúðir

Greining á stöðu og horfum á fasteignamarkaði sem Capacent vann fyrir Reykjavíkurborg var kynnt á opnum fundi í Ráðhúsinu nýlega þar sem fjallað var um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Í kynningu Capacent kom fram að framboð á húsnæði og íbúðafjárfesting er talsvert undir meðaltali árunna 1997-2003. Samtals virðist vanta um 5.100 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu til að markaðurinn geti talist uppfylla þörf fyrir íbúðir. Að jafnaði vantar um 1.700 til 1.800 nýjar íbúðir á höfuðborgarsvæðið á ári. Uppsafnaðri þörf fyrir leiguíbúðir fyrir yngri, tekjuminni einstaklinga hefur ekki verið mætt. Um 2.500 til 3.000 íbúðir skortir til að uppfylla þörf næstu þriggja ára. Aðstæður til að auka framboð íbúða hafa batnað mikið frá hrúni. Kaupverð fasteigna hefur hækkað umfram byggingarkostnað og er byggingarkostnaður fjölbýlishúsa nú lægri en kaupverð þeirra. Byggingarkostnaður sérþýla er þó enn hærri en kaupverð þeirra. Myndir er af Snæðisi Helgadóttir hjá Capacent sem kynnti fasteignagreininguna.

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opíð alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113



Nýr lúxus - veganborgari
hefur verið kynntur til sögunnar
í Bike Cave.

Ferskt grænmeti, steiktir sveppir,
vegan bernaisesósa, Linda McCartney
veganbuff og veganostur.

Alltaf góður matur á frábæru verði
og lifandi tónlist öll kvöld.

Vesturbæingar



Allir vilja í
Vesturbæinn!



VIÐREISN

- fyrir frjálslynt fólk

Við viljum að líf skjör á Íslandi verði samkeppnishæf við nágrannalöndin!

Lægri vextir - Sterkara heilbrigðiskerfi - Betra menntakerfi

Hanna Katrín Friðriksson
Oddviti, Reykjavík suður

Paweł Bartoszek
2. sæti, Reykjavík suður

Þorsteinn Vígundsson
Oddviti, Reykjavík norður

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
2. sæti, Reykjavík norður



Það er gott að starfa í Vesturbænum

- segir Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir prestur í Neskirkju

Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir var skipuð í embætti prests í Nesprestakalli í Reykjavíkurbíó. Steinunn er fæddur Vesturbæingur, dóttir Björn Friðfinnssonar fyrrum ráðuneytisstjóra og lönunar Steinsdóttur rit höfundar. Afi hennar í föðurætt var Friðfinnur Ólafsson sem lengi var forstjóri Háskólabíós og þekktur maður á sinni tíð. Steinunn ólst upp á Húsavík og við Mývatn þar sem faðir hennar gegndi starfi bæjarstjóra og síðar framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar um hríð. Hún kynntist snemma flóttafólki því faðir hennar var í fremstu línu við að taka á móti fólki sem kom hingað til lands frá Vietnam haustið 1979 og bjó í fyrstu á Meistaravöllum í gömlu húsi við Kaplaskjólsvæg sem löngu er búið að rífa. Steinunn hefur látið málefni fólks í hinum ýmsum löndum sig varða í gegnum árin og farið víða og dvalið ásamt eiginmanni sínum Þóri Guðmundssyni, sem hefur starfað lengi fyrir Rauða krossinn. „Nú finnst mér ég vera komin heim,“ segir hún í samtali við Vesturbæjarblaðið.

„Foreldrar mínir bjuggu í Vesturbænum þegar ég fæddist. Fyrst bjuggu þau við Melhaga og síðan við Hagamel. Fyrstu minningar mínar eru því úr Vesturbænum en þó er á mörkunum að ég viti af þeim. Ég man þó eftir að hafa verið á gæsluvelli. Faðir minn var í námi og fyrstu vinnu eftir nám og þau leigðu, sem skýrir hve oft var flutt. Við erum þrjú systkinin og fædd með stuttu tímabili öll að hausti til þannig að þetta varð snemma talsvert stór fjölskylda. En þegar ég var tæplega þriggja ára þá fluttum við norður á Húsavík þar sem faðir minn tók við starfi bæjarstjóra. Við vorum í einn áratug fyrir norðan – fyrst sex á Húsavík og síðan fjögur við Mývatn þar sem faðir minn tók við stjórn Kísiliðjunnar um tíma.“

Hóf búskapinn í Litla Skerjó

Steinunn var 13 ára þegar fjölskyldan flutti aftur til Reykjavíkur

og þá hófst skólaganga hennar á reykvísku landi. „Ég fór fyrst í Kvennaskólann sem þá var síðustu þrír bekkir grunnskóla. Ástæðan fyrir því að ég fór þangað var einfaldlega sú að ég þekkti nokkrar stelpur í Kvennó en engar í Laugarneshverfi, þar sem við bjuggum. Síðan tók MR við og eftir árs hlé frá námi fór ég í Háskóla Íslands þannig að ég var alltaf í skóla á þessu svæði. Fyrsta íbúðin sem við Þórir keyptum okkur var við Þjórarsárgötuna í Litla Skerjó þar sem eldri sonur okkar fæddist. Hann var skírður hér í Neskirkju í sunnudagaskólanum, en ég var sjálfbóðaliði í barnastarfinu hér þann vetur.“

Hún segir þetta hafa haft sitt að segja þegar hún sótti um prestsstarfið. Vesturbærinn hafi alltaf heillað sig. „Þótt ég ælist að hluta til upp út á landi þá er Vesturbærinn það hverfi sem ég samsamaði mig með sem unglingur enda átti ég marga félagu hér og á enn. Ég finn mikinn mun því ég starfaði um tíma í Kópavogi og þegar ég fór í sundlauginu þar, þá hitti ég fermingarbörnin mín og krakka úr barnastarfinu, en þegar ég fer í Vesturbæjarlauginu hitti ég gamla kunningja og skólafélaga.“

Langaði að læra guðfræði og ætlaði að verða blaðamaður

Talið beinist að þeirri ákvörðun hennar að gerast prestur. Hún kveðst í upphafi ekki hafa ætlað að fara þá leið. „Mig langaði að læra guðfræði sem mér fannst gaman en ég hafði hugsað mér að gerast blaðamaður. Ég starfaði um tíma sem blaða- og fréttamaður. Ég vann líka um tíma við upphaf verkefnisins Geðrækt og við almannatengsl. En ég starfaði líka innan kirkjunnar. Ég var framkvæmdastjóri æskulýðsstarfsins í Reykjavíkurbíó. Ég varð lönunarið en við fluttum til Brussel og eftir að ég kom heim eftir nokkurra ára dvöl erlendis fór ég að vinna á Biskupsstofu þar sem ég var í tíu ár. Svo fór ég að starfa í Hjallasókn í Kópavogi. Lengsti tíminn af mínum starfsferli hefur því verið innan kirkjunnar þótt um slitróttan starfstíma hafi verið að ræða



Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir prestur í Neskirkju.

einkum á fyrri hluta hans þegar við vorum með annan fótinn í útlöndum. Á þeim tíma greip maður bara þau verkefni sem buðust sem voru oftast freelance blaðamennska og fræðsluskrif.“

Erfitt tölvusamband frá Austur-Evrópu

En hvernig var að fást við það frá útlöndum fyrir daga þeirrar samskiptatækni sem við þekkjum í dag. „Það var kominn tölvupóstur þegar við vorum í Brussel en netið var ekki mikið notað að öðru leyti. Þegar við fórum síðan til Kasakstan þá tókst okkur að koma tölvupóstssambandi á þegar við höfðum rafmagn sem var alls ekki alltaf og oft tók það allt að sextán upphringingar að ná sambandi. Tölvu var tengd við gamlan snúningsskífusíma og oft gat tekið klukkutíma að hlaða póstinum inn. Hverfið þar sem við bjuggum var ekki í góðu

sambandi. Eftir að við fluttum til Malasíu, var tæknin komin mikið lengra. Þá var hægt að fara á netið. Það var til dæmis hægt að lesa Moggann sem voru mikil við-



Frá skírn yngri sonarins í Brussel.

brigði frá dvölinni í Kasakstan og fá tölvupóst reglulega.“

Símabjónustan í skralli

En aftur til Kasakstan. Steinunn segir margt hafa verið mjög sérstakt þar í okkar augum. „Þórir þurfti að ferðast mikið vegna þess að hann starfaði fyrir öll Mið-Asíulýðveldin og varði um helmingi tímans í öðrum löndum, sérstaklega Tadjikistan. Yfirleitt gat ég ekki hringt í hann þangað eða til hinna mið-Asíulýðveldanna. Það var ekki mikið símasamband á milli þessara landsvæða sem öll tilheyrðu Sovétríkjunum á sínum tíma. En ef hann fór til Genfar, þar sem höfuðstöðvar Rauða krossins eru, þá gat ég hringt til hans vegna þess að það var farið í gegnum annað kerfi að hringja til útlanda en innan þessara gömlu sovétlýðvelda. Þar var allt í skralli þegar kom að símaþjónustunni.“

Hruntímabil í Asíulýðveldunum

Steinunn segir að þau Þórir hafi dvalið í Kasakstan á árunum frá 1996 til 1998 og þá hafi enn verið hruntímabil þar og í Asíulýðveldum gömlu Sovétríkjanna. Ekki hafi verið búið að byggja þessi ríki upp eftir Sovétríkin. Margt af því sem virkaði í Sovétríkjunum hafi hætt að virka við fall þeirra. „Eitt af því voru greiðslur eftirlauna,

FERSKUR FISKUR
DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30

annað að raforkudreifing var ekki í lagi, rusl var ekki hirt og fleira mætti nefna. Hluti grunnstoða samfélagsins var allt í einu ekki til staðar. Kasakstan er stórt ríki og þar var mikil spilling.“

Með lánslögreglubúninga og fölsuð skirteini

Steinunn segir að Asíulýðveldin hafi þróast nokkuð með mismunandi móti en margt í hinni pólitísku þróun hafi ekki vakið neina hrifningu með þeim hjónum. „Ég man eftir því að menn fengu lánaða lögreglubúninga og fölsuðu lögregluskirteini og stöðvuðu bíla um leið og þeir sáu að um útlendinga var að ræða. Þetta var sprettið af einhverskonar sjálfsbjargarviðleytni en var auðvitað kol-ólöglegt. Við vorum svo heppin að vera með diplómatanúmer á bílnum sem varð held ég fyrir einhvern misskilning og gátum skýlt okkur á bakvið það ef við vorum stoppuð.“

Gamla fólki varð eftir

Kasakstan var að sumu leyti svipað og Ísland var 50 árum áður. Rafmagnsleysi og gasleysi voru viðvarandi. Svo var villta vestri handan við hornið og uppgangur mafiunnar gekk greiðlega fyrir sig. Fátæktin var mjög áberandi og ég tók þátt í því sem sjálfbóðaliði hjá Kasaska Rauða hálfmánanum að safna peningum fyrir súpueldhúsi. Þar kynntist maður fólkinu og kjörum þess. Einkum því eldra. Þangað kom mikið fólki sem fékk eftirlaunin ekki lengur á réttum tíma. Sumt af þessu fólki var af rússneskum ættum og afkomendur þess voru margir farnir til Rússlands. Yngra fólk átti meiri möguleika á að fara og ef til vill meiri framtíð þar en í Kazakstan. En gamla fólkið varð eftir.“



Steinunn og Þórir Guðmundsson eiginmaður hennar í heimsókn hjá Síkkafjölskyldu í Delhi árið 1990.

Skrýtnustu sögurnar frá Rúmeníu

Steinunn og Þórir voru líka í Austur Evrópu 1990, árið sem fyrstu frjálsu kosningarnar fóru fram í fjölda landa þar, skömmu eftir fall múrsins. Þau bjuggu í Ungverjalandi og ferðuðust milli landanna. Þau fóru meðal annars til Transylvaníu í Rúmeníu og Tirgu Mures, þar sem byltingin 1989 hófst. „Þetta svæði er byggt fólki af ungverskum uppruna og maður fann fyrir því að til voru öfl í Ungverjalandi sem dreymdi um endurreisn Stór-Ungverjalands. Tortrygginn á milli Ungverja og Rúmena var gríðarleg og er enn. Þegar ég fór á kirkjuþing þangað árið 2007 endaði það með að rúmensku Ungverjarnir fóru heim. Þeim fannst vegið að sér – öll samskipti þjóðarbrotanna eru viðkvæm og sögulegar ástæður liggja að baki. Mér finnst ég hafa upplifað meiri togstreitu þarna 1990 en á milli Serba og Bosníu-

manna þótt þar hafi síðar soðið upp úr með stríðsátökum. Við Þórir skrifuðum bók um árin í Austur Evrópu. Hún heitir Úr álögum og kom út 1991. Skrautlegustu sögurnar í bókinni eru frá Rúmeníu – hvernig við lentum í hálfgerðum átökum við herinn, eyddum síðustu aurunum í að kaupa íkón lengst uppi í fjöllum í Transylvaníu, hittum mótmælendur, securitate leynilögregluna og leituðum að ómerktri gröf Ceausescus.

Ætlaði að læra en átti dreng í staðinn

Eftir Evróputímamann fóru þau Steinunn og Þórir til Asíu og Ástralíu um tíma og sinntu fréttamennsku. Hittu meðal annars Dalai Lama að máli uppi í Dharamsala í Himalayafjöllum. „Við vorum í Ástralíu þegar Persaflóastríðið braut út og þá var hringt í Þóri frá Stöð 2 og hann beðinn um að koma heim.

Hann flaug heim en ég varð eftir í Ástralíu. Ég var þar einn af fulltrúum Íslands á heimsþingi Alkirkjuráðsins. Það kom í ljós þegar við vorum nýlega komin til Ástralíu að ég var orðin ófrísk þannig að ég var fegin að komast heim. Við eignuðumst svo dreng um haustið. Við vorum heima í tvö ár en fórum svo til Brussel þar sem Þórir starfaði sem fréttaritari og stundaði mastersnám. Ég ætlaði mér líka að nota tímann til þess að fara í mastersnám seinna árið þar en varð aftur ófrísk og þar sem tímasetning fæðingar og próf voru á sama tíma varð minna úr mastersnámi. En ég nýtti tímann í Brussel í að læra frönsku – og átti yngri soninn.

Eins og að koma heim

En nú er Steinunn komin heim. „Ég kunni vel við mig að starfa í Kópavogi og var tekið afskaplega vel. En að koma í Nes Kirkju er fyrir mér eins og að koma heim. Vesturbæingar taka einstaklega vel á móti manni. Margir koma hingað í kirkjuna og gamlir nágrannar hafa komið í messur. Og svo búum við að því að hér er frábært starfsfólk sem gaman er að vinna með. Sumt þekkti ég fyrir eftir áratuga vinnu í kirkjunni með hléum. Öðru er gaman að kynnast. Það er gott að starfa hér í Vesturbænum.“

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**
david@fastborg.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT



B O R G
F A S T E I G N A S A L A

SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS • SÍMI: 519 5500

Reykjavíkurbjördæmi Suður



1

Ásta Guðrún
Helgadóttir



2

Gunnar Hrafn
Jónsson

Reykjavíkurbjördæmi Norður



1

Birgitta
Jónsdóttir



2

Björn Levi
Gunnarsson

Suðvesturkjördæmi



1

Jón Þór
Ólafsson



2

Þórhildur
Sunna Ævarsdóttir



Píratar

Við viljum ræða málin

📍 Kolaportið 📅 22-23. október

📍 Smáralind 📅 22-28. október

📍 Kringlan 📅 22-28. október

📍 Mjóddin 📅 22-28. október 14-18

📍 Fjörður 📅 22-28. október 14-18

📍 Eiðstorg 📅 22-28. október 14-18

Komdu og kynntu þér áherslur Pírata í komandi kosningum. Við viljum virkara lýðræði í íslensku samfélagi og heyra frá kjósendum hvað brennur á þeim.

ENDURRÆSUM
ÍSLAND



Fjöldmenninn var í Melaskóla á afmælisdaginn.

Melaskóli 70 ára

Í haust eru 70 ár liðin frá því Melaskóli tók til starfa og var þess minnst sérstaklega með hátíðahöldum 5. október sl. Nemendur og starfsfólk hélt upp á þennan áfanga um morguninn og fram yfir hádegi með margvíslegum hætti, m.a. með afhjúpun á nýju merki skólans og samsöng. Seinna um daginn, eða á milli kl. 15 og 17 var opið hús fyrir foreldra, gamla nemendur og aðra velunnara Melaskólans. Að lokinni formlegri dagskrá í skálanum gátu gestir gengið um skólabyggingarnar, skoðað verkefni nemenda og annað það sem boðið er uppá í tilefni dagsins og rifja upp minningarnar frá liðnum árum



Nýtt merki Melaskóla var kynnt á afmælishátíðinni.

Framnesvegur

Tvö ný hús í stað þriggja gamalla

Nýtt deiliskipulag fyrir Framnesveg 40, 42 og 44 hefur verið auglýst. Í skipulaginu er gert ráð fyrir niðurrifi húsanna sem fyrir eru á lóðunum og að byggð verði ný hús í staðinn með níu íbúðum. Samþykkt var á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. september og í borgarráði Reykjavíkur þann 15. september sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sólvallagötu-reits vegna lóðanna nr. 40, 42 og 42a við Framnesveg. Breytingin gengur út á að heimilt verði að rífa núverandi byggingar og gera nýbyggingar innan byggingar-reita samkvæmt deiliskipulags-uppdrætti. Í skipulagstillögunni kemur fram að nýbyggingarnar eiga að vera í samræmi við byggð á Framnesvegi og er tekið fram að mænishæð skuli ekki vera hærri en mænir á Framnesvegi 36 en það hús stendur á horni Holtsgötu og Framnesvegs. Húsin tvö sem verða byggð á lóðunum skulu hvort um sig hafa sjálfstætt útlit, t.d. hvað varðar gluggasetningu og litaval. Ásýnd og efnisval skal vera máluð steinsteypa í samræmi við aðliggjandi byggð. Heimilt er að gera þakkvista en samanlögð breidd þeirra á hvorri hlið má ekki vera meiri en tveir þriðju hluti þakbreiddar. Heimilt verður að hafa tvö bílastæði á lóð.



Við Framnesveg. Húsin þrjú sem standa næst á myndinni verða rifin og ný byggð í staðinn með níu íbúðum.



Hugmynd að útliti nýju húsanna við Framnesveg. Myndin sýnir ekki endanlegt útlit. Mynd: Arkþing.



Jólasagan 2016

Ellý Vilhjálms, Raggi Bjarna, Maggi Kjartans, Ómar Ragnarsson og Helena Eyjólfsson hafa öll stigið á svið í Súlnasal, ásamt svo mörgum öðrum. Þau eru partur af sögunni okkar og í ár gerum við þeim skil. **Regína Ósk** og **Örn Árna** syngja sig í gegnum þessa glæsilegu sögu og glæða hana lífi við undirleik **Jónasar Þóris** á jólahlaðborði Hótel Sögu í Súlnasal. Inn læðist júrónísíonsveifla og lögin sem allir þekkja. Sérstakur gestur er **Baldur Dýrfjörð**. **Siggi Hlö** mætir að vanda og gerir allt vitlaust. Jólamatur, góðgæti og geggjað stuð sem þú vilt ekki missa af.

www.hotelsaga.is

Föstud.	18.11	Laugard.	19.11 <i>uppselt</i>
Föstud.	25.11	Laugard.	26.11
Föstud.	2.12	Laugard.	03.12 <i>uppselt</i>
Föstud.	9.12	Laugard.	10.12
Föstud.	16.12	Laugard.	17.12

Jólahlaðborð & skemmtun verð: 10.900,-

Bókaðu þinn hóp á hotelsaga@hotelsaga.is eða í síma 525 9930

25% skattur á meðallaun



Willum Þór Þórsson
2. sæti
Suðvesturkjördæmi



Lilja Alfreðsdóttir
1. sæti
Reykjavík suður

Árangurinn er sýnilegur

- Leiðréttingin varð að veruleika
- Losun fjármagnshafta
- Kröfuhafaleið okkar gekk upp
- 15.000 ný störf og kröftugur vöxtur
- Kaupmáttur launa hefur aldrei verið meiri
- Verðbólgu haldið í skefjum
- Nýtt almannatryggingakerfi innleitt
- Bótaskerðingar dregnar til baka
- Samningur um loftslagsmál undirritaður
- Hærri greiðslur í fæðingarorlofi



www.framsokn.is

Þú finnur okkur líka hér:     /framsokn

Foreldramorgnar á Aflagrandi

- notaleg samvera á miðvikudagsmorgnum

Nýtt verkefni er að hefja göngu sína á vegum Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Kallast það foreldramorgnar og er einkum miðað við nýlega orðna foreldra eða foreldra ungra barna þótt foreldrar eldri barna t.d. á leikskóla aldri séu velkomnir. Markmiðið er að fólk komi saman og geti haft börnin með sér, spjallað og kynnst auk þess sem boðið verður upp á ýmskonar fróðleiksefni. Foreldramorgnarnir eru bæði ætlaðir konum og körlum, mæðrum og feðrum - einkum fólki sem er í barneignaleyfi eða ekki í föstum störfum á vinnumarkað.

Vesturbæjarblaðið hitti þær Heiðu Hraunberg félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar Miðborgar og Hlíða, Rannveigu J. Bjarnadóttur leikskólastjóra í Gullborg, Ólafíu B. Davíðsdóttir leikskólastjóra í Stakkaborg, Eva Sigrúnu Guðjónsdóttir verkefnisstjóri hjá Hinu húsinu og Helgu Ösp Jóhannesdóttir verkefnisstjóra hjá Vesturborg yfir kaffi og kleinum í félagsstarfinu á Aflagrandi á dögunum en þar verður samkomustaður foreldramorgnanna og fræddist um þetta nýja og athyglisverða verkefni.

Foreldrar geta komið með eða án barna

Þær segja að þótt börnin séu velkomin geti foreldrar einnig komið án þeirra vegna þess að þetta sé fyrst og fremst félagsskapur fyrir þá. Boðið verður upp á kaffi og leikföng verða til staðar fyrir þau börn sem koma með foreldrum sínum. Umræðuefnin verða einkum málefni liðandi stundar, áhugamál fólksins en einnig verður boðið upp á fræðsluefni. Foreldramorgnarnir eru á vegum þriggja sviða Reykjavíkurborgar; velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og ÍTR. Þær segja að hugmyndin sé einkum sú að færa verkefni þessara sviða nær íbúunum og höfum fengið inni hjá félagsstarfinu á Aflagrandi þar sem góð aðstaða sé til þess að taka á móti hópum og verður foreldramorgnastarfið opið á hverjum miðvikudagsmorgni frá kl. 9.30 til 11.00.

Ekki síst ætlað foreldrum frá öðrum löndum

Þær segja að ekki sé búið að ákveða endanlega um hvað fræðsluefni muni snúast. En þar



Helga Ösp Jóhannesdóttir verkefnisstjóri hjá Vesturborg, Rannveig J. Bjarnadóttir leikskólastjóri í Gullborg, Ólafía B. Davíðsdóttir leikskólastjóri í Stakkaborg, Eva Sigrún Guðjónsdóttir verkefnisstjóri hjá Hinu húsinu og Heiða Hraunberg félagsráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar Miðborgar og Hlíða halda utan um foreldramorgnana.



Foreldramorgnarnir munu fara fram í vana- og heimilislegu umhverfi og leikföng, litir og bækur verða fyrir börnin.

verði meðal annas fjallað um uppeldi, hvað snýr að leikskólum, umhirðu barna, heilsugæslu og tannvernd en það muni nokkuð ráðast af áhuga fólks sem kemur og hvar mest þörf er fyrir fræðsluefni. Foreldramorgnarnir eru ekki síst ætlaðir fólki sem flust hefur hingað til lands á undanföllum árum og er að aðlagast mannlífinu hér á

landi sér að kostnaðarlausu. „Við leggjum mikla áherslu á að allir foreldrar sem eiga yngri börn eru hjartanlega velkomnir. Þetta getur verið kjörið tækifæri fyrir fólk til þess að kynnst hvaðan sem það er komið, deila áhugamálum og eignast nýja kunningja,“ segja þær samstarfskonur sem vinna að verkefninu.

A Warm welcome

Preschools and The Municipal Service Centre of Vesturbær, Miðborg and Hlíðar invite parents and families to Parent's mornings.

Parent's mornings are a great opportunity for parents who are at home with young children to get to know each other and involved in social activities in the neighbourhood.

Coffee and conversation, toys and books for the children. We regularly offer a diverse educational program for parents.

The Parent's mornings are free of charge and held every Wednesday from 9.30. to 11.30 at Aflagrandi 40 in Reykjavík.

Wspólne Poranki

Przedszkola w rejonie Vesturbær Miðborg oraz Hlíðar wraz z Miejskim Centrum Usługowym zapraszają rodziców i rodziny na wspólne Poranki rodzicielskie.

Spotkania te są dobrą okazją dla rodziców do wyjścia z domu i wymiany doświadczeń z innymi rodzicami w przyjemnej atmosferze.

Organizatorzy oferują kawę herbatę, zabawki dla dzieci a także różnorodne szkolenia dla rodziców.

Poranki rodzicielskie są bezpłatne i odbywają się we środy w godzinach 9.30 – 11.30 w Centrum Społecznym przy ulicy Aflagrandi 40 Reykjavík.



HAUSTVERKIN Í GARDINUM

- Trjáklippingar
- Hekklippingar
- Almennar gróðurklippingar

- Fáðu verðtilboð

Engi ehf
Sími: 615-1605



Katrín Jakobsdóttir, 1. sæti
Reykjavíkurborgar norður

Við hvetjum þig til að nýta atkvæðisréttinn og hafa þannig áhrif á samfélagið!

Hverjum treustir þú?



VINSTRI GRÆN



Svandís Svavarsdóttir, 1. sæti
Reykjavíkurborgar suður

Kjötborg 60 ára

- Kristján og Gunnar eru síðustu móhíkanar í stétt smákaupmanna

Kjötborg við Ásvallagötu 19 er 60 ára. Haldið var upp á þessu merku tímamót 17. september sl. og segja má að þar hafi bæði afmælis- og hverfishátíð farið fram. Ýmsir flytjendur komu fram og sungu og fluttu lög og leiktæki voru á svæðinu og ratleikur fyrir yngri kynslóðina og að sjálfsögðu voru veitingar í boði.

Bræðurnir þeir Kristján og Gunnar Jónassynir kaupmenn í Kjötborg eru löngu þekktir í Vesturbænum og þótt víðar væri leitað fyrir einstaka hlýju og hjálpssemi og urðu þeir fyrir valinu sem Reykvíkingar ársins 2014. Kristján hóf kaupmennsku á Ásvallagötunni 1981 ásamt Jónasi Gunnarssyni föður þeirra en Gunnar kom að versluninni síðar. Þá hafði rekstur Kjötborgar staðið yfir í aldarfjórðung í Búðagerði í smáibúðahverfinu eða frá 1956 þar sem heildverslunin XCO var síðan til húsa um árabíl. Kjötborg byrjaði sem kjötverslun eins og búðir voru þá og skiptust í kjötbúðir, nýlenduvörubúðir og brauð- og mjólkurbúðir. Þegar bræðurnir byrjuðu að vinna var allt í gamla stílnum. Allt var afgreitt yfir borð og vörur á borð við sykur og hveiti voru keyptar inn í stórsekkjum og síðan pakkað upp í versluninni. Jónas faðir þeirra breytt búðinni í það fyrirkomulag sem enn er. Hann fjarlægði afgreiðsluborðið og setti upp mjólkurkæli þegar mjólkurbúðakerfi Samsölunnar var lagt niður og matvörubúðirnar fóru að



Kristján og Gunnar á spjalli við viðskiptavin.



selja mjólkurvörur. Segja má að þeir bræður séu síðustu móhíkanar í stétt smákaupmanna. Með mikilli elju og dugnaði hefur þeim tekist að lifa af á meðan aðrir í þeirra stétt hafi orðið að víkja vegna markaðsráðandi afla. Þrátt fyrir lítið gólfrymi og þrengsli er fjölbreytt vöruúrval í Kjötborg og synd væri að segja að hver fermetri væri ekki nýttur eða öllu heldur hver fersentimetri eins og Kristján Jónasson komst að orði í spjalli við Vesturbæjarblaðið fyrir nokkrum árum. Árið 2008 fékk kvikmyndin, Kjötborg, eftir þær Helgu Rakel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur, Silfurrefinn,



Fjöldi fólks safnaðist saman á Ásvallagötu til að samfagna þeim Kristjáni og Gunnari.

verðlaunagrip stuttmyndahátíðinnar Reykjavík Shorts&Docs. Hún var valin besta íslenska heimildarmyndin. Í myndinni kemur ýmislegt fram um hina einstöku heimsendingarþjónustu þeirra. Meðal annars að þeir hafi fært íbúa nokkrum á Grund samlokur og smeygt þeim inn um glugga til hans þegar þeim gamla hafi ekki

hugnast maturinn á elliheimilinu. Þess má geta að verslað hefur verið nær óslitið á horni Ásvallagötu og Blómvallagötu til um 80 ár eða allt frá því að hornhúsið þar var byggt 1928. Verslun Péturs Kristjánssonar var þar fram undir 1980 en búíð var að loka henni nokkru áður að Kjötborg var flutt úr Búðagerðinu þangað.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekk 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Erum flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Klapparstíg 3

Öll rúnstykkí á



Fagmenska tryggir gæðin

80

kr. stk

Klapparstíg 3 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhofsbakari.is

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.

12v 0,8A 12v 5,5A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Fékk nafnið Tjörnin

- sameinuð frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Ný sameinuð frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða mun heita Tjörnin. Niðurstaða nafnavals kemur frá hugmynda-samkeppni meðal íbúa en tillögur bárust um 85 nöfn. Valnefnd, skipuð fulltrúum ungmennaráða, starfsmanna og hverfisráða, fór yfir allar tillögurnar og lagði fimm tillögur í opið val á netinu.

Á fimmta hundrað manns tók þátt í valinu þar sem niðurstaðan varð að kalla nýju frístundamiðstöðina Tjörnina. Nýja nafnið þykir vel við hæfi þar sem Tjörnin er í miðju hverfanna sem frístundamiðstöðin er staðsett. Öll starfsemi í nýju frístundamiðstöð-inni, eins og í hinum fjórum í borginni miðar að því að efla félagsauð hverfanna, með áherslu á gefandi fagstarf með börnum og unglingum. Undir starfsemi Tjarnarinnar heyrir rekstur sjö frístundaheimila og fimm félagsmiðstöðva í borgarhlutanum. Á næstu mánuðum verður unnið



Margt er gert í frístundastarfinu. Hér má sjá yngri krakka í sköpun og leik.

að því að sameina allt fagstarfið undir eina sterka yfirstjórn með öllu sem því fylgir; nýrri heimasíðu, nýju merki og nýrri menningu.

Framkvæmdastjóri Tjarnarinnar er Guðrún Kaldal og slóðin á síðu frístundamiðstöðvarinnar er www.facebook.com/tjornin

Bernhöftsbakarí flutt á Skúlagötuna

Bernhöftsbakarí er flutt á Skúlagötuna. Nánar tiltekið á horn Skúlagötu og Klapparstígs. Bakaríið var sameinað Björnsbakaríi sem lengi hefur verið þar til húsa og er nú rekið undir Bernhöftsnafninu undir stjórn eiganda þess Sigurðar Más Guðjónssonar bakara- og kökugerðarmeistara.

Bernhöftsbakarí á sér langa sögu. Er elsta bakarí í Reykjavík en hefur þó aðeins verið til húsa á fjórum stöðum í borginni. Það var til húsa á upphafsreitnum í Bakarabrekkunni fram til 1931 en flutti þá í kjallarann við Bergstaðastræti 14 og var þar til 13



í júlí 1996 að það var flutt yfir götuna að Bergstaðastræti 13. Saga þess við Bergstaðastrætið nær því yfir 85 ára tímabil. Allan

þann tíma og raunar frá byrjun hefur Bernhöftsbakarí verið handverksbakarí og þar starfa eingöngu fagmenn, bæði bakarar og kökugerðarmenn við baksturinn sem tryggir að öllum ýrstru hreinlætis- og gæðastöðlum er framfylgt til fullnustu. „Með kaupunum á Björnsbakaríi og sameiningu þess við Bernhöftsbakarí er verið að sameina tvö elstu bakarí landsins. „Þetta eru því umtalsverð tímamót hjá okkur,“ segir Sigurður Már Guðjónsson,“ og bætir við að Skúlagötuhornið sé frábær staður - ekkert síðri en Bergstaðastrætið.



LÍKLEGA BESTI
HOLLI
SKYNDIBITINN
Á ÍSLANDI!



XO
FUN • FAST • FUSION
JL HÚSINU • HRINGBRAUT 119 • XOFOOD.IS



Fróðir foreldrar

- nýtt verkefni í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum

Fróðir foreldrar nefnist samstarfsverkefni milli foreldrafélaga, ungmennaráða í hverfum þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða auk frístundamiðstöðvarinnar og íþróttafélaganna í hverfunum. Verkefnið snýst um að fræðsla fyrir foreldra barna og ungmenna verði með föstum hætti í hverfunum. Útbúin verður fræðsluáætlun fyrir foreldra barna og unglinga í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Dagskrá fræðslunnar verður með þeim hætti að foreldrar og ungmenni í hverju hverfi setja saman árlega fræðsluáætlun sem byggir á málefnum og málaflokkum sem teljast mikilvæg hverju sinni. Áætlunirnar verða samstarfsverkefni milli kynslóða sem miðar að því að auka virðingu, skilning, traust og samvinnu þvert á foreldrar í skólunum, milli foreldra innan hvers skóla, milli barna og unglinga í skólunum sjálfum sem og þvert á skólana í hverfinu. Auk þess að að leita eftir hvaða fræðslu foreldrarar vilja og hvað ungmennum í hverfinu finnist þörf á að foreldra þeirra fræðist um.

Rödd foreldra og ungmenna

Í frétt frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða kemur fram að með þessu samstarfi heyrist rödd foreldra og ungmenna innan skólasamfélags hverfanna sem og út í nærsamfélagið utan skólanna. Mikilvægasti þáttur forvarna er samtakamáttur foreldra í uppeldi barna en þannig má markvisst vinna gegn fordómum og vinna með virðingu hvort við annað. Virðing gagnvart hvort öðru byggir óttalaust og fordómalaust samfélag sem er öllum kynslóðunum til bóta. Markmiðið er að hlusta eftir þörfinni á fræðslu frá foreldrum og börnum; hvar sú þörf skarast og vinna með það.

Núverandi mannauður nýttur

Nýttur verður sá mannauður sem starfar nú þegar með börnum og unglingum í hverfunum. Að nýta alla þá þekkingu og reynslu starfsmanna sem koma að störfum með börnum og unglingum til



Séð yfir gamla Vesturbæinn í Reykjavík.

að vera með fræðsluna. Mikill þekkingarbrunnur starfsmanna á ólíkum sviðum hverfanna nýtist í þessu verkefni svo sem eins og hjá þjónustumiðstöð hverfanna, hjá íþróttafélaginu Val sem hefur byggt upp sérþekkingu á mikilvægi íþróttastarfs í lífi barnsins og mikilvægi heilbrigðs lífstíls og Frístundamiðstöðin Kampur sem kæmi með sína þekkingu á forvörnum og félagslegri virkni og skólarnir sem búa að þekkingu og reynslu ótal kennara í ólíkum verkefnum sem snúa að börnum og unglingum.

Samstarf við hverfisblöðin

Fara á í samstarf við hverfisblöðin til að auglýsa fræðsluna og byggja upp tengslanet þvert á foreldrafélögin og ólíka hópa foreldra svo breytingarnar nái til sem flestra og skili sér út í samfélagið. Ætlunin er að vera með fræðsluna á hlutlausum stað þar sem hægt er að skapa rólegt og uppbyggilegt umhverfi þar sem foreldra get fræðst og spjallað síðan saman út frá því viðfangsefni sem umræðir. Foreldrafélög grunnskólanna hafa myndað með sér öflugt samstarf og finnst þeim nauðsynlegur þáttur í forvarnarstarfi hverfanna að halda áfram þessu mikilvæga starfi við að tengja og fræða foreldrana. Öflugt net foreldra með samtaka mátt er besta forvörnin.



Forvitnilegir fyrirlestrar í Neskirkju

Barokk

Neskirkja efnir til þriggja fyrirlestra um barokkið nú í nóvember á þriðjudagskvöldum kl. 19.00. Tilefnið er afmæli siðaskiptanna á næsta ári auk þess sem dagskrá þessi er hugsuð sem ákveðinn upptaktur að sýningu Kristínar Gunnlaugsdóttur, Siðbót, sem opnuð verður 27. nóvember, næstkomandi. Þar vinnur listamaðurinn m.a. með barokkið.

8. nóvember: Skáldin

Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor við Árnastofnun fjallar um skáldskap barokksins. Margrét hefur m.a. sent frá sér bókina, Barokkmeistarinn, um skáldskap Hallgríms Péturssonar og samtímamanna hans.

15. nóvember: Tónlistin

Steingrímur Þórhallsson, organisti við Neskirkju, fjallar um tónskáldin sem kennd eru við barokkið. Kór Neskirkju æfir nú, undir stjórn Steingríms, verkið Judas Maccabeus eftir G.F. Händel sem flutt verður á afmælistónleikum kirkjunnar í vor.

22. nóvember: Myndlistin

Ólafur Gíslason, listfræðingur, ræðir myndsköpun barokksins. Ólafur hefur um árabíl staðið fyrir fræðslu og umfjöllun um myndlist og hefur ritað og þýtt fjölmargar greinar og bókakafla um listfræði og listsöguleg efni.

Skúli S. Ólafsson leiðir dagskrána og ræðir við fyrirlesrana um efnið.

KR-INGAR ATHUGIÐ

NÚ ER ÞAÐ SVART!

DEVOLD MERINO ULLARUNDIRFÖTIN KOMIN AFTUR Í SVÖRTU.



DUO ACTIVE JUNIOR
HALF ZIP NECK 205 GR
STÆRÐIR 10-16 ÁRA
8.990.KR



DUO ACTIVE JUNIOR
LONG JOHNS 205 GR
STÆRÐIR 10-16 ÁRA
7.990.KR

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

ELLINGSEN

SÍÐAN 1916

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

Drengjakór Reykjavíkur

- með aðsetur í Neskirkju og getur bætt nokkrum drengjum við



Drengirnir í drengjakórnum. Myndin er tekin í Neskirkju.

Drengjakór Reykjavíkur er að hefja annað starfsár sitt í Neskirkju. Sögu kórsins má þó rekja öllu lengra aftur í tímann eða frá árinu 1990. Kórinn var lengi til húsa í Laugarneskirkju en hefur nú fast aðsetur í Neskirkju. Stjórnandi kórsins er Steingrímur Þórhallsón.

Steingrímur segir vel á anna tug drengja syngja í kórnum en eðli málsins verðu stöðugt talsverð endurnýjum Drengjaraddir breytis mikið á ákveðnu aldurstigi og henti því ekki lengur í hefðbundinn drengjakór þó um góða söngmenn geti verið að ræða. Drengjakór Reykjavíkur er einn af fáum hreinum drengjakórum ef ekki sá eini á höfuðborgarsvæðinu. Steingrímur segir að kórstarfið hafi átt nokkuð í vök að verjast að undanfögnu en nú gangi vel að byggja það upp að nýju. „Okkur vantar nokkra drengi í viðbót og geta þeir sem eru áhugasamir leitað til okkar. Við viljum efla kórinn og gera hann enn betri.“

Steingrímur segir að kórstarfið rétt eins og önnur starfsemi tengd listum og þurfi menningu stundum að víkja fyrir öðrum áhugamálum og þá einkum íþróttum. Ekki sé áhugaleysi um að kenna heldur mikið fremur tímaleysi. Margir strákar mæti á íþróttæfingar jafnvel oft í viku og í augnablikinu sé mikil stemning fyrir fótboltanum og krakkarnir komist oft ekki yfir mikið meira. „En þótt margt gott tengist íþróttum og geti leitt af þátttöku í þeim má menningarlífið ekki gleymast.“ segir Steingrímur.

En eiga tónmennta- og tónlistarskólarnir ekki mikinn þátt í að vekja áhuga barna og ungmenna á tónlist. Steingrímur samsinnir því en segir einnig að svo virðist sem Reykjavíkurborg standi ekki vaktina sem skildi að því leyti. „Þetta er öflugra í sveitarfélögunum í kringum borgina en í henni sjálfri og borgin hefur lent í sjálfheldu í deilum við ríkið um kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarskóla á meðan ekkert slíkt hefur gerst hér í nágrenninu. Skólastjórar hafa líka verið að segja mér að á sama tíma og leggja eigi áherslu á fjölbreytni og efna eigi nýjar námsgreinar þá sé stöðugt verið að skera niður í grunnskólastarfi borgarinnar.

Steingrímur segir að nokkrir strákanna í kórnum hjá sér taki einnig þátt í íþróttum sem sé hið besta mál. Kórinn æfir á mánudögum kl. 17:00 til 18:30 og annan hvern laugardagsmorgun. Kórferðir eru farnar innanlands annað hvert ár og erlendis hitt árið. Þá fer kórinn í æfingabúðir yfir eina helgi að hausti og eftir áramót. Kórinn tekur einnig þátt í öflugri kórstarfi í Neskirkju, kemur fram á tónleikum og tekur þátt í messuhaldi og haldnir eru jóla- og vortónleikar.

Almannahagsmunir verða tryggðir með nýrri stjórnarskrá

Við eigum að setja okkur nýja stjórnarskrá. Við eigum að setja okkur stjórnarskrá með nýjum og nútímalegum mannréttindakafla. Stjórnarskrá með ákvæði sem kveður á um að allir eigi að geta lifað með reisn. Mannréttindakaflinn er upphalds-kafinn minn í tillögum stjórnlagaráðsins. Færum félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi í stjórnarskrána. Það er sannarlega kominn tími til kveða upp úr með að fátækt samræmist ekki grunngildum þjóðarinnar. Það er sannarlega kominn tími til að skylda ríkisvaldið til að útrýma fátækt. Það er sannarlega kominn tími til að tryggja í stjórnarskrá réttinn til almannatrygginga, heilbrigðisþjónustu og menntunar. Við eigum líka að tryggja með nýrri stjórnarskrá, að allir hafi jafnan atkvæðisrétt hvar sem þeir búa á landinu. Þá verður örugglega vilji á Alþingi til að hætta að láta auðlindarentuna renna í vasa útgerðarmanna og álfyrirtækja. Þá verður örugglega vilji á Alþingi til að skera þjóðarkökuna upp á nýtt. Við í Samfylkingunni samþykktum á landsfundi 2015 að halda áfram vinnu við nýja stjórnarskrá á nýju kjörtímabili. Á þeim fundi héldum við enn að e.t.v. mætti ná samstöðu í stjórnarskrárnefndinni sem fundaði meira en fimmtíu sinnum um fjögur

ákvæði, en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Það tókst ekki vegna þess að hin hefðbundnu stjórnmál ráða ekki við verkefnið. Gamaldags flokkapólitík ræður ekki við verkefnið. Stjórnmálaflokkarnir setja fram kröfur sem miðast við flokkshagsmuni en ekki hagsmuni þess fjölda fólks sem ekki er stjórnmálaflokkur. Einmitt vegna þess að flokkshagsmunir réðu ekki ferð náði stjórnlagaráðið árangri. Einmitt vegna þess að stjórnlagaráðið hafði hagsmuni fjöldans, en ekki stjórnmálaflokka að leiðarljósi náðu þau árangri. Og það er einmitt vegna þess sem við eigum að halda vinnunni áfram á þeim grunni sem þau bjuggu til. Við í Samfylkingunni viljum ljúka verkinu sem hófst á síðasta kjörtímabili. Kjósum Samfylkinguna XS.



Valgerður Bjarnadóttir.

Valgerður Bjarnadóttir

FRÓÐIR FORELDRAR kynna:

MÉR ER ILLT Í MAGANUM, MÁ ÉG VERA HEIMA Í DAG? Hollráð um kvíða fyrir foreldra barna og unglinga í hverfum Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

ÞRIÐJUDAGINN 1. NÓVEMBER KL. 20- 22 Í IÐNÓ VIÐ TJÖRNINA

Hvað eru FRÓÐIR FORELDRAR?

Fróðir foreldrar er samstarfsverkefni foreldrafélaga grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, ungmennaráða Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og þjónustumiðstöðvar hverfanna.

Markmið verkefnisins eru:

- Að rödd foreldra og ungmenna innan skólasamfélags hverfanna heyrir.
- Að virkja samtakamátt foreldra sem mikilvægan þátt í forvörnum í uppeldi barna.
- Að nýta mannauð hverfanna og tengja við nærsamfélagið.
- Að standa fyrir fræðslukvöldum byggð á óskum og hugmyndum forelda í hverfunum.

Stuðboltar – forvarnir gegn kvíða

Unnur Tómasdóttir, forstöðukona í frístundaheimilinu Eldflauginni.

Stuðboltar eru hópverkefni fyrir börn sem hafa of miklar áhyggjur. Það hófst árið 2014 og börnin sem hafa tekið þátt hafa sýnt miklar framfarir. Unnur ræðir um verkefnið og gefur góð ráð til foreldra ungra barna.

Hvað er kvíði?

HUGRÚN, geðfræðslufélag nemenda í hjúkrunarfræði, læknisfræði og sálfræði við Háskóla Íslands. HUGRÚN mun fjalla um geðheilbrigði og hvernig tala á um kvíða við ungmenni.

Hagnýt ráð í uppeldi barna með kvíða

Kolbrún Karlsdóttir, sálfræðingur hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Kolbrún mun fjalla um góðar leiðir til að vinna með börn með kvíða, bæði í uppeldi sem og námi.

Svavar Knútur segir sína sögu og leikur tónlist.

Í lokin verða spurningar, spjall og umræður með þátttöku fyrirlesara.

Fræðslukvöldinu stjórnar Þorsteinn Guðmundsson leikari.

Skráningin: <https://goo.gl/forms/VPPQ2NVcwGgqwxBI3>



Ferskur andvari



Íslensk náttúra. Blikandi dökk og útsýn til allra átta. Þú veður yfir tifandi ána, áleiðis að settu marki. Framundan rís Herðubreið; drottningin sjálf, stolt í háseti sínu.

Við höfum nýtt okkur íslensk fjallagrös frá upphafi byggðar. Heilnæm og frískandi hafa þau haft áhrif til góðs á líkama og sál, handtínd í íslenskri náttúru. Tópas hefur sömuleiðis fylgt okkur gegnum tíðina. Saman munu þau gera það áfram.



Auðlindaarðinn til þjóðarinnar

➔ **Gjaldfrjálst heilbrigðiskerfi**

➔ **Forskot á fasteignamarkaði: fyrirframgreiddar vaxtabætur**

➔ **Kjör öryrkja og aldraðra fylgi lágmarkslaunum**

➔ **Ný stjórnarskrá**

Kjósum heilbrigðara samfélag
Kjósum Samfylkinguna



Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Dómkirkjan 220 ára

- fjölbreytt vetrarstarf hafið

Eftir nokkra daga eða þann 30. október næst komandi verða 220 ár liðin frá því að Dómkirkjan var vígð. Í 220 ára sögu sinni hefur hún helgast af hljómun söngs og bæna, séð börn borin til skírnar, umvafið brúðhjón á brúðkaupsdegi og unglinginn sem vinnur ferming-arheit sitt, fylgt þeim sem kvödd eru hinsta sinni. Þetta hefur ekkert breyst. Ekkert hús og ekkert samfélag í landi hér getur sýnt fram á slíkt órofa samhengi. Þann 9. október tóku slökkviliðsmenn taka þátt í messu í Dómkirkjunni, en fyrsta slökkvistöð bæjarins var í skúlhúsi Dómkirkjunnar.

Miðvikudagskvöldið 26. október kl. 20 verður samtali í Safnaðarheimilinu, þar sem Helgi Ingólfsson, sagnfræðingur, segir frá tengslum skólans og Dómkirkjunnar gömlu í Reykjavík og spjallað verður yfir kaffibolla. Við hátíðarmessu 30. október mun séra Þórir Stephensen prédika og fyrirverandi prestar kirkjunnar þjóna, þau sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson og sr. Anna Sigríður Pálsdóttir, ásamt settum sóknarpresti, sr. Sveini Valgeirssyni. Kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar býður upp á messukaffi á eftir. Kl. 20:00 verður sálmasýrpa í kirkjunni undir



Á myndinni eru séra Jakob Ágúst Hjálmarsson fyrrum Dómkirkjuprestur, Edda Finnbogadóttir, Soffía Magnúsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir, Steinunn Helgadóttir og Karl Sigurbjörnsson biskup.

stjórn Margrétar Bóasdóttur þar sem gamli og nýir sálmar verða kynntir og sungnir. Þetta er liður í árlegum Tónlistardögum Dómkirkjunnar sem standa til 6. nóvember. Fermingarbörn fyrri ára í Dómkirkjunni eru sérstaklega boðin í þessa messu.

Sunnudaginn, 6. nóvember mun biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, prédika. Þá verður líka boðið upp á veislukaffi í

Safnaðarheimilinu eftir messu. Tónlistardagar Dómkirkjunnar hefjast 23. október og standa til 6. nóvember. Verður þar fjölbreytt dagská að vanda. Ber þar hæst tónleika Dómkórsins þar sem frumflutt verða verk eftir Báru Grímsdóttur og fleiri. Nánari upplýsingar um dagskrá Dómkirkjunnar má finna á domkirkjan.is.



Fjárfstyrkir á vegum Hverfisráðs Vesturbæjar

Hverfisráð Vesturbæjar auglýsir hér eftir áhugasömum einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum til að sækja um í sjóð ráðsins, en Hverfisráðið mun úthluta að hámarki 300.000 kr. þann 1. desember 2016. Umsóknum skal skilað fyrir 7. nóvember. n.k. í rafrænu formi til Harðar sem er verkefnastjóri í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða á netfangið hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

Hér að neðan eru upplýsingar um reglur sjóðsins:

1. Markmið með styrkjum Hverfisráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að ýmsum verkefnum og uppákomum í Vesturbænum.
2. Hverfisráðið ákveður í sameiningu hvort viðkomandi umsækjandi fái þann styrk sem sótt er um.
3. Árleg framlög eru að hámarki 400.000 kr. en úthlutað er úr sjóð ráðsins tvisvar á ári, í maí og nóvember.
4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. apríl og 10. nóv. ár hvert og skal auglýsa opinberlega í hverfismiðlum Vesturbæjar þegar hægt er að sækja um í sjóðinn.
5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af:
 - a) Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð;
 - b) Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf;
 - c) Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
6. Greiðslur úr sjóðnum verða greiddar út í einni greiðslu til viðkomandi aðila sem hlóta styrk hverju sinni.
7. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um framvindu verkefnisins til verkefnastjóra félagsauðs og frístunda í Vesturgarði í síðasta lagi ári eftir að styrkurinn er greiddur.
8. Hverfisráð getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín, en ráðið metur hvort þörf er á því hverju sinni.

Hverfisráð Vesturbæjar

KR náði í gott stig

KR-ingar léku á dögnum hörku leik gegn sterku liði ÍR í 1. deildinni í handbolta á þeirra eigin heimavelli. Jafnræði var með liðunum framan af en ÍR-ingar leiddu í hálfleik, 17-14.

Ekki leit út fyrir að staðan myndi breytast mikið en lið ÍR leiddi um miðjan seinni hálfleik með 4-5 mörkum. En þá gerðist eitthvað, vörn KR-liðsins small saman, markvarslan líka og hraðaupphlaupsmörkin hrönnuðust inn. Skyndilega var kominn mikil spennna í leikinn og lokamínúturnar geysilega spennandi og endaði leikurinn með jafntefli, 27-27.

Sterkt stig hjá KR-ingum á erfiðum útivelli og er liðið komið með 5 stig eftir 6 leiki þegar þetta er skrifað.

Mörk KR skoruðu: Arnar Jón 6, Bergur Elí 4/2, Stefán Tómas 4, Pétur 3, Jökull 3, Sigurbjörn 2, Eyþór 2, Friðgeir, Haukur og Viktor 1 mark hver.

Varin skot hjá KR: Hrafn 13 og Arnar 5/2.



Frá viðureign KR og Fjölnis fyrr í vetur.

Frítt að æfa fyrir krakka fram að jólum

Frítt verður í handboltann hjá KR fyrir krakka í 1. til 4. bekk fram að jólum. Handknattleiksdeild KR býður nú öllum krökkum í 1. til 4. bekk, að æfa handbolta frítt fram að þeim tíma.

Allir krakkar eru velkomnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir, og fá allir eitthvað við sitt hæfi. Krökkunum verður skipt í hópa eftir aldri og getu, þar sem farið verur í gegnum grunnatriði leiksins, ásamt allskonar leikjum og skemmtunum, sem er það mikilvægasta fyrir krakka á þessum aldri. Ekki

þarf að skrá krakkana áður en þau mæta, bara að mæta. Stelpur æfa á þriðjudögum frá kl. 16-17 og á miðvikudögum frá klukkan 15-16 og strákar á mánudögum frá kl. 17-18 og þriðjudögum frá kl. 16-17. Allar æfingar eru í Íþróttahúsi Hagaskóla. Þjálfarar flokkana og formaður Unglingaráðs handknattleiksdeildar gefa frekari upplýsingar. Þjálfarar stelpnanna eru þær Edda Þórunn, sími 857-7840, og Hrafnhildur Birta, sími 863-0303. Þjálfari strákanna er Björn Ingi, sími 698-5667.

KR-SÍÐAN



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



www.kr.is



Lyftum andanum!



JÓGADÝNUR SEM SKARA FRAM ÚR!

Manduka eru Taj Mahal jógadýnanna.

Fimm tegundir og fylgihlutir.



SLÖKUN Í ÞYNGDARLEYSI!

Lyftum andanum í skammdeginu.

Flothetta & fótaflot: 16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND – falleg & gefandi

Silfrúð, gyllt, rósagull.

Verð: 6.500/7.500 kr.



SAMFESTINGADAGAR Í SYSTRASAMLAGINU!

15 % afsláttur frá 27. okt – 2. nóv.

Nú 4 ómótæðilegar útgáfur af draumaflíkinni!

Í svörtu og plómulit. Þröngir & víðir. Fyrir jóga & lífið.

Sterk, lífræn og falleg "Fair Trade" bómull.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Pri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

#dominos365

DOMINO'S-DEILDIN 2016—2017

Þvílík skemmtun!

Framundan eru spennandi leikir í Domino's-deildinni.
Fylgstu vel með, því hlutirnir gerast hratt í deild þeirra bestu.

SJÁUMST Á VELLINUM!

KR

Jón Arnór Stefánsson

